

## Foreldraráð Núps - fundargerð

Fundur nr.: 1, skólaárið 2021/2022.

Staður: Fjarfundur á Teams

Dagsetning: 19. maí 2021

Tími kl. 15:45-16:10.

Fundarritari: Gunnhildur

Mættir: Svana Kristinsdóttir (s), Áslaug Pálsdóttir (s), Gunnhildur (f) Þórhalla Rein (f) og Sigríður Harradóttir (f)

### Það sem kom fram:

1. Starfsmannastaðan er þannig að það hefur vantað 1-2 stöðugildi. Tvisvar sinnum hafa börn verið send heim af deildum vegna manneklu í haust. Voru að ráða starfsmann í hálfu stöðu sem byrjar í næstu viku. Hlutfall leikskólakennara og almennra starfsmanna er ca 50/50. Það hefur víst vantað upp á mönnun í fleiri leikskólum Kópavogs á haustönn.
2. Á næstu vikum verða deildarnar málaðar. Hver deild verður undirlögð í viku og börnin frammi á gangi á meðan.
3. Svana er á leið á fund með gatnamálastjóra og skólastjóra Lindaskóla í vikunni vegna bílastæðamála. Við fáum fréttir af þeim fundi í desember.
4. Gekk vel að skipta upp hópunum af yngri deild yfir á eldri deild eftir sumarfrí. Nokkrir foreldrar voru órólegir þegar það var fyrst kynnt en lendingin hefur verið góð í haust.
5. Varðandi styttingu vinnuvikunnar þá er meira samtal á milli starfsmanna og samvinna á milli deilda ef það koma veikindi á sama tíma og stytting.
6. Umræða um matsteymi. Staðan er enn óbreytt með matsteymið, hefur ekki verið stofnað þar sem orkan hefur farið í að púsla saman hverjum vinnudegi.
7. Maturinn er enn keyptur frá Skólamat. Óvíst hvenær kokkurinn kemur til baka úr veikindaleyfi.
8. Ræddum konu og karladaginn. Hvaða form verður á því, ólíkar þarfir sitthvors aldurshópsins (yngri og eldri).
9. Fundartími fyrsta miðvikudag í mánuði kl 15.30 annan hvern mánuð.
10. Næsti fundur á miðvikudegi í 1. Des kl 15.30 á staðfund á Núpi.